

**Nd.**

**122. Frumvarp til laga**

[86. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Emil Jónsson,  
Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir VI. kafla kemur nýr kafli, svo hljóðandi (og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því):

**Kosningabandalög.**

(19. gr.) Kosningabandalög eru heimil samkvæmt reglum þeim, sem um þau gilda í lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt í sambandi við frv. til laga á þskj. 121, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis. Er þar gert ráð fyrir því, að heimiluð verði kosningabandalög með nánar tilteknum hætti við kosningar til Alþingis. Yrði slík heimild lögtekin, væri eðlilegt, að hún næði einnig til sveitarstjórnarkosninga. Í gildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar er mjög vísað til ákvæða í lögnum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á. Virðist eðlilegast að hafa þann hátt einnig á, að því er ákvæði um kosningabandalög snertir.